

Stjórnarfundur FEB nr. 500 mánudaginn 26. ágúst kl. 15:00

Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Kristinn Eiríksson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Árni Gunnarsson og Stefanía Valgeirsdóttir

Mættir varamenn: Ragnar Árnason, Jón Magnússon og Bessí Jóhannsdóttir


Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB


Dagskrá:

- **Fundargerð 499 afgangið og undirrituð**
- **Leigufélag aldraðra (LA)**
Á stjórnarfundinum var lögð fram tillaga um samstarfsverkefni milli stjórnar FEB, stjórnar LA og fulltrúaráðs LA skv. fylgiskjali nr. 1.
Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum, tveir sátu hjá en einn greiddi atkvæði gegn tillögunni.
- **Úrsögn úr stjórn FEB**
Þann 12. júlí s.l. sendi Elinóra Inga Sigurðardóttir aðalmaður í stjórn FEB, stjórn FEB bréf þess efnis að hún segði sig úr stjórn FEB frá og með dagsetningu bréfsins. Samhliða sagði hún sig frá setu sem fulltrúi FEB í öldungaráði Reykjavíkurborgar. Ragnar Árnason mun taka sæti aðalmanns í stað Elinóru.
- **Tillaga að fulltrúum í öldungaráði Reykjavíkurborgar**
Tekið var fyrir bréf frá Reykjavíkurborg frá 19. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir tilnefningu frá FEB um fulltrúa í öldungaráði Reykjavíkurborgar, skv. nýrri samþykkt um skipan í ráðið.
Stjórn FEB hefur ekki verið tilkynnt formlega um breytingu á öldungaráði Reykjavíkur og áskilur sér því rétt á fresti á tilnefningu á fulltrúum FEB í öldungaráði Reykjavíkur.
- **Önnur mál**
Athygli var vakin á því að þetta er 500 stjórnarfundur FEB frá upphafi.

Fundi slitið kl. 16:45

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.


GUÐRÚN ÓSK JAKOBSD.


Jón Magnússon